

REYKJAVÍKURBORG  
5.NÓVEMBER 2018

# Greining á heimahjúkrun með aðferðafræði KFS

---

Greining á útgjöldum velferðarsviðs til  
heimahjúkrunar út frá kyni og aldri notenda árið  
2017



**Velferðarsvið**

## **Inngangur**

Hlutverk heimahjúkrunar er að sinna hjúkrun í heimahúsum og hafa yfirsýn yfir þá heilbrigðisþjónustu og meðferð sem sjúklingar hennar njóta þar. Heimahjúkrun er í grófum dráttum tvíþætt:

- 1) Fræðsla, forvarnir og heilsuefling til sjúklinga og fjölskyldna þeirra
- 2) Styrking og viðhald andlegs og líkamlegs heilbrigðis sjúklingsins þar sem reynt er að draga úr einangrun og einkennum sjúkdóma eins og kostur er

Meginmarkmið heimahjúkrunar er að veita einstaklingshæfða og markvissa, árangursríka og faglega heimahjúkrun og með því gera þeim sem þjónustunnar njóta kleift að búa heima við sem eðlilegastar aðstæður þrátt fyrir veikindi og heilsubrest.

## **Lýsing á verkefni og afmörkun**

Skóðað var hvort nýting fjármagns sem sett var í heimahjúkrun árið 2017 dreifðist eftir aldri, fjölskyldugerð og kyni.

## **Markmið verkefnisins**

Markmið verkefnisins var að greina hvort framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjármagns árið 2017 leiddi til til jafnréttis og benda á leiðir til að leiðrétta ójafnrétti milli kynjanna.

## **Stjórnskipulag**

**Ábyrgðaraðili verkefnis: Bryndís Eva Sverrisdóttir**

**Teymisstjóri:** Dagný Hængsdóttir

**Teymi:** Sonja Hansen, Lilja Petra Ólafsdóttir og Sigríður Pálsdóttir

**Stofnanir (samráð): Heilsugæsla Höfðuborgarsvæðisins og Velferðarsvið**

## **Upplýsingar um gögn**

Upplýsingar voru fengnar úr sjúkraskrárkerfinu Sögu og bókhaldskerfi Reykjavíkurborgar.

## Greining kostnaðar

Heildarkostnaður heimahjúkrunar í Reykjavík árið 2017 var 1.385 milljónir króna<sup>1</sup>. Gögn vantar til að greina þann kostnað niður á einstaka aldurs- eða kynjahópa.

Meðalkostnaður per samskipti var 7.873 kr miðað við heildarfjölda samskipta allt árið.

### Heimahjúkrun í Reykjavík 2017

Heildarkostnaður í þúsundum króna

Heiti kostnaðarstaðar		Raun kostnaður alls
F2700	Heimahjúkrun	234.455
F2704	Heimahjúkrun Efríbyggð	244.632
F2701	Heimahjúkrun Laugardals og Háaleitis	460.541
F2702	Heimahjúkrun Sléttuvegi	159.461
F2703	Heimahjúkrun Vesturbyggð	286.203
	<b>Heimaþjónusta - Heimahjúkrun</b>	<b>1.385.292</b>

Tafla 1 - Kostnaður heimahjúkrunar í þkr.

Meðalkostnaður m.v. fjölda einstakl.		
	Hlutfall af fjölda	Hlutfall kostnaðar
Karlar	35,60%	493.164
Konur	64,40%	892.128
	<b>100%</b>	<b>1.385.292</b>
Einhleypir karlar	21,00%	290.911
Einhleypar konur	49,30%	682.949
Karlar í sambúð	14,60%	202.253
Konur í sambúð	15,00%	207.794
	<b>100%</b>	<b>1.383.906</b>

<sup>1</sup> Kostnaður vegna heimahjúkrunar í Seljahlíð, Eirborgum og Eirarhúsi er tekinn út úr tölunum til samræmis við gögn frá Sögu kerfinu.

## Greining gagna úr Sögu:

Horft var til fjölda innlita á mann (fjölda samskipta) og hvort kyn og búsetuform hafði áhrif á veitta þjónustu. Gert var ráð fyrir að raunveruleg þjónusta væri í takt við metna þörf einstaklinganna. Alls byggir verkefnið á gögnum um 2.357 einstaklinga.

Af þeim 2.357 einstaklingum sem fengu heimahjúkrun árið 2017 voru 840 karlar eða 35,6% og 1.517 konur eða 64,4%. Heildarfjöldi samskipta við karla voru 73.471 og 102.488 við konur. Að meðaltali fékk hver karl 87,5 samskipti og hver kona 67,6 samskipti árið 2017. Sjá töflu 2.

Fjöldi notenda og fjöldi samskipta eftir aldri og kyni 2017								
	Karlar				Konur			
	Fjöldi einstakl.	Hlutfall	Fjöldi samskipta	Meðalfjöldi samskipta á ári	Fjöldi einstakl.	Hlutfall	Fjöldi samskipta	Meðalfjöldi samskipta á ári
Yngri en 10 ára	1	0,0%	1	1,0	0	0,0%	0	0,0
10-19 ára	4	0,2%	56	14,0	2	0,1%	6	3,0
20-29 ára	12	0,5%	154	12,8	23	1,0%	117	5,1
30-39 ára	17	0,7%	706	41,5	41	1,7%	1.426	34,8
40-49 ára	23	1,0%	2.681	116,6	65	2,8%	3.145	48,4
50-59 ára	56	2,4%	3.998	71,4	82	3,5%	7.382	90,0
60-69 ára	105	4,5%	15.084	143,7	149	6,3%	8.241	55,3
70-79 ára	195	8,3%	17.607	90,3	269	11,4%	18.370	68,3
80-89 ára	300	12,7%	24.360	81,2	575	24,4%	39.114	68,0
90 ára og eldri	127	5,4%	8.824	69,5	311	13,2%	24.687	79,4
<b>Alls</b>	<b>840</b>	<b>35,6%</b>	<b>73.471</b>	<b>87,5</b>	<b>1.517</b>	<b>64,4%</b>	<b>102.488</b>	<b>67,6</b>

Tafla 2 - Fjöldi notenda heimahjúkrunar 2017 og fjöldi samskipta

Samkæmt töflu 2 var fjölmennasti hópurinn sem fékk þjónustu, konur á aldrinum 80-89 ára. Þær voru 575 eða 24,4% af öllum þjónustuþegum á meðan karlar á sama aldri voru 300 eða 12,7% af þjónustuþegum. Þessi hópur kvenna var með samtals 39.114 samskipti í Sögu sem var að meðaltali 68 samskipti á ári á mann. Karlar á sama aldri voru með 24.360 samskipti í Sögu, að meðaltali 81,2 samskipti á ári á mann. Gögnin sýna að karlmenn voru færri í þessum aldurshópi en samskiptin við þá voru fleiri en við konur á sama aldri. Þegar aðrir aldurshópar eru skoðaðir á sambærilegan hátt er niðurstaðan sú sama, nema í aldurshópnum 50-59 ára. Mesti munur á samskiptum var í aldurshópnum 60-69 ára þar sem karlar fengu að meðaltali 143,7 samskipti á ári en konur 55,3 eða 88,3 færri samskipti á ári. Einnig fengu karlar á aldrinum 40-49 ára að meðaltali 68,2 fleiri samskipti á ári en konur á sama aldri.

Þegar fjölskyldugerð er skoðuð má sjá að einhleypir voru fjölmennasti hópurinn, samtals 1.657 eða 70,3% af öllum sem fengu þjónustu. Einhleypar, barnlausar konur voru 47,8% af öllum þeim sem fengu þjónustu og einhleypir, barnlausir karlmenn voru 21% af hópnum. Sjá töflu 3.

Fjöldi notenda heimahjúkrunar árið 2017, skipt eftir fjölskyldugerð og aldri								
Fjölskyldugerð	Aldur					Samtals	Hlutfall af heild	Hlutfall af kyni
	Yngri en 67 ára	67-69 ára	70-79 ára	80 ára og eldri	Samtals			
Einhleypur karl	153	19	109	213	494	21,0%	58,8%	
Einhleyp kona	170	28	194	735	1.127	47,8%	74,3%	
Einstæður faðir	1	0	0	0	1	0,0%	0,1%	
Einstæð móðir	35	0	0	0	35	1,5%	2,3%	
<b>Einhleypir alls</b>	<b>359</b>	<b>47</b>	<b>303</b>	<b>948</b>	<b>1.657</b>	<b>70,3%</b>		
Karl giftur/í sambúð barnlaus	29	10	85	214	338	14,3%	40,2%	
Kona gift/í sambúð barnlaus	65	21	75	151	312	13,2%	20,6%	
Karl í sambúð með börn	6	0	1	0	7	0,3%	0,8%	
Kona í sambúð með börn	43	0	0	0	43	1,8%	2,8%	
<b>Í sambúð alls</b>	<b>143</b>	<b>31</b>	<b>161</b>	<b>365</b>	<b>700</b>	<b>29,7%</b>		
<b>Samtals</b>	<b>502</b>	<b>78</b>	<b>464</b>	<b>1.313</b>	<b>2.357</b>	<b>100,0%</b>		

Tafla 3 - Fjöldi notenda heimahjúkrunar eftir fjölskyldugerð og aldri

Af þeim körlum sem fengu þjónustu voru 495 einhleypir eða 58,9% af öllum körlum í þjónustu. Einhleypar konur voru 1.162 eða 76,6% af þeim konum sem fengu þjónustu.

Samkvæmt töflu 3 var fjölmennasti hópur þeirra sem fengu heimahjúkrun árið 2017 einhleypar konur 80 ára og eldri eða 735. Það eru 31% af öllum þeim sem fengu þjónustu. Samkvæmt þjóðskrá voru einhleypar konur 80 ára og eldri 5.391 á landinu. Af þeim hópi fengu því 13,6% heimahjúkrun í Reykjavík. Einhleypir karlar 80 ára og eldri voru 2.137 á landinu. Af þeim fengu 213 heimahjúkrun í Reykjavík eða 10% af körlum á þeim aldri samkvæmt þjóðskrá.

Þjóðskrá 2017 - allt landið					
Fjölskyldugerð	Aldur				Samtals
	Yngri en 67 ára	67-69 ára	70-79 ára	80 ára og eldri	
Karl - býr einn	43.633	1.180	2.710	2.137	49.660
Karl - í sambúð	55.174	3.312	6.821	2.891	68.198
Karl - óupplýst staða	7.881	31	30	7	7.949
<b>Karlar alls</b>	<b>106.688</b>	<b>4.523</b>	<b>9.561</b>	<b>5.035</b>	<b>125.807</b>
Kona - býr ein	40.153	1.399	4.221	5.391	51.164
Kona - í sambúð	57.752	3.001	5.743	1.825	68.321
Kona - óupplýst staða	4.165	35	78	20	4.298
<b>Konur alls</b>	<b>102.070</b>	<b>4.435</b>	<b>10.042</b>	<b>7.236</b>	<b>123.783</b>
<b>Samtals</b>	<b>208.758</b>	<b>8.958</b>	<b>19.603</b>	<b>12.271</b>	<b>249.590</b>

Tafla 4 - Mannfjöldi á Íslandi 2017

Þegar þjónustumagn er skoðað sést að fjölmennustu hóparnir, einhleypar konur og karlar 80 ára og eldri, fá svipað magn þjónustu eða að meðaltali 9,2-9,8 samskipti á mánuði, eins og sjá má í töflu 5.

<i>Meðalfjöldi samskipta á mánuði við notendur heimahjúkrunar árið 2017, skipt eftir fjölsk.gerð og aldri.</i>					
	Yngri en 67 ára	67-69 ára	70-79 ára	80 ára og eldri	Samtals
Einhleypur karl	12,1	11,1	12,6	9,8	11,2
Einhleyp kona	10,0	8,0	9,5	9,2	9,4
Einstæður faðir	7,1				7,1
Einstæð móðir	4,0				4,0
Karl giftur/í sambúð barnlaus	11,1	9,6	9,0	8,9	9,2
Kona gift/í sambúð barnlaus	7,0	4,6	9,1	8,0	7,8
Karl í sambúð með börn	7,7		50,9		13,9
Kona í sambúð með börn	3,7				3,7
<b>Samtals</b>	<b>9,3</b>	<b>8,0</b>	<b>10,2</b>	<b>9,1</b>	<b>9,3</b>

Tafla 5 - Meðalfjöldi samskipta

Í hópi einhleyptra fengu karlar á aldrinum 70-79 ára mestu þjónustuna eða að meðaltali 12,6 samskipti á mánuði. Einhleypar konur á sama aldri fengu að meðaltali 9,5 samskipti á mánuði.

Fámennasti hópurinn í þjónustu voru einstæðir feður og karlar í sambúð með börn en þeir voru samtals 8. Allir nema einn voru yngri en 67 ára. Konur í sama hópi voru 78 og allar yngri en 67 ára. Þegar þjónustumagn er skoðað má sjá að karlar í sambúð með börn fengu mestu þjónustuna en þeir voru með 13,9 samskipti að meðaltali á mánuði. Þar hafði mest áhrif á meðaltalið einn einstaklingur á aldrinum 70-79 ára. Konur í sama hópi fengu með minnstu þjónustuna eða 3,7 samskipti að meðaltali í mánuði.

### **Kynjasjónarmið: Hver er staða fólks?**

Meginniðurstaða þessa verkefnis eru sú að karlmenn fengu meiri þjónustu en konur árið 2017. Þeir sem fengu mestu þjónustuna voru karlar í sambúð með börn með 13,9 samskipti að meðaltali á mánuði. Þar á eftir komu einhleypir karlar með 11,2 að meðaltali á samskipti á mánuði. Í öllum tilvikum höfðu karlar vinningin og fengu meiri þjónustu en konur, nema í aldurshópnum 50-59 ára en þar fengu konur meiri þjónustu.

Færri karlar en konur fengu þjónustu sem bendir til ákveðins kynjahalla. Hafa verður í huga að beiðnir um heimahjúkrun berast frá öðrum heilbrigðisstofnunum og fagaðilum. Erfitt er að svara því af hverju fleiri beiðnir berast fyrir konur en ein skýring gæti verið að konur eru fleiri í elstu aldurshópnum.

Karlar í heimahjúkrun fengu meiri þjónustu að meðaltali en konur en frekari gögn vantar til að meta hvort þessi munur sé réttlætanager eða ekki. Mögulega voru karlar almennt veikari þegar þjónustan hófst en skoða þyrfti nánar tegund þjónustunnar sem kynin fengu til að geta metið það frekar.

Karlar og konur sem voru í sambúð fengu minni þjónustu en einhleypir en hugsanlega voru makar að taka að sér þjónustu sem heimahjúkrun gæti sinnt. Hlutfallslega fá mun fleiri karlar í sambúð þjónustu frá heimahjúkrun, en möguleg ástæða þess gæti verið að konur aðstoði sína maka meira en karlar.